Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 25. júní 2024
24062654/502.10 IA

Efni: Beiðni um heimild til sölu íbúðar 0405 að Ástúni 14, eign F2058707

Fyrir hönd Húsnæðisnefndar Kópavogs óskar undirritaður eftir heimild bæjarstjórnar til að selja íbúð númer 0405 að Ástúni 14 í Kópavogi. Um er að ræða íbúð á fjórðu hæð í lyftulausu húsi en þó þannig að fara þarf rúmlega fjórar hæðir til að komast á sína hæð. Fasteignamat eignarinnar er 56,35 m.kr. og birt stærð 78 m².
Eins og fram kemur í meðfylgjandi samantekt frá Umhverfissviði varðandi ástand hússins, þá hefur húsfélagið ekki sinnt utanhúsviðhaldi sem skyldi og því megi búast við talsverðum uppsöfnuðum viðhaldskostnaði í framtíðinni. Einnig benda þeir á, að bærinn á þegar 8 af 18 íbúðum húsinu.
Því sé það mat eignadeildar að hag bæjarins og Húsnæðisnefndar sé best borgið með því að selja þessa íbúð.

Við söluna verður aflað tilboða frá fasteignasölum í söluþóknun og eignin auglýst.
Það sem af er árinu 2024 hefur bærinn gengið frá kaupum á 5 íbúðum, þar af er ein íbúð fyrir þann íbúa sem flytur úr þessari íbúð. Einnig er búið að klára uppgjör á stofnframlögum (12%) til Brynju leigufélags vegna kaupa á fjórum íbúðum og á næstu dögum verður gengið frá stofnframlagi (12%) til Þroskahjálpar vegna kaupa á tveimur íbúðum.

Er því óskað eftir að bæjarráð/bæjarstjórn veiti undirrituðum Ingólfi Arnarsyni, kt.050656-3149 heimild til að fullgilda kaupsamning vegna sölu þessarar eignar og við fullnaðaruppgjör, afsal vegna hennar.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Fjármálastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026